



Alþingi
Erindi nr. P 131/89
komudagur 16.11.2004

Fjárlaganefnd Alþingis
Hr. Magnús Stefánsson, form.

Reykjavík, 15. nóvember 2004.

Með vísan til bréfa yðar, dags. 12. og 18. október sl., sendist yður hér með álit 1. minni hluta menntamálanefndar á þeim hluta frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2005 sem er á málefнасviði nefndarinnar.

F.h. framsögumanns 1. minni hluta,

Hlín Lilja Sigfúsdóttir, nefndarritari

MENNTAMÁLANEFND

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2005 (02 Menntamálaráðuneyti).

Frá 1. minni hluta menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og tvö bréf fjárlaganefndar frá 12. og 18. október.

Nefndin fékk til sín á fund Örlýg Geirsson, Gísla Þór Magnússon og Auði Björgu Árnadóttur frá menntamálaráðuneyti. Þau fóru yfir þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði nefndarinnar og svöruðu spurningum nefndarmanna. Á fundinum óskaði nefndin eftir upplýsingum frá ráðuneytinu um rannsóknarframlög til háskóla og í rannsóknarsjóði, heildaryfirlit yfir rannsóknir á landsvísu og samning vegna sparkvalla auk frekari upplýsinga um framlög til háskóla- og framhaldsskólastigsins. Umbeðin gögn bárust nefndinni 8. nóvember.

Heildargjöld menntamálaráðuneytis árið 2005 eru áætluð um 38.986 millj. kr. á rekstrargrunni sem er 8% hækkun frá áætlun fjárlaga fyrir árið 2004. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 3.036 millj. kr. en þær nema 7,8% af heildargjöldum ráðuneytisins.

Með hliðsjón af yfirferð fulltrúa ráðuneytisins telur fyrsti minni hluti ekki ástæðu til að gera athugasemdir við þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði nefndarinnar.

Alþingi, 10. nóv. 2004.

Gunnar Birgisson, form.
Dagný Jónsdóttir, með fyrirvara.
Böðvar Jónsson.
Einar Oddur Kristjánsson, með fyrirvara.